

# STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1991

---

---

Nr. 529

1030

19. nóvember 1991

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á Flákanum.

#### 1. gr.

Frá og með 21. nóvember 1991 til og með 31. mars 1992 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði á Breiðafirði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°14'N – 24°39'V
2. 65°07'N – 24°13'V
3. 65°11'N – 23°48'V
4. 65°19'N – 24°03'V
5. 65°25'N – 24°30'V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 523, 13. nóvember 1991 um bann við veiðum á Flákanum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. nóvember 1991.*

F. h. r.

**Gylfi Gautur Pétursson.**

*Pórður Eyþórsson.*

Nr. 530

21. nóvember 1991

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á Faxaflóa.

#### 1. gr.

Frá og með 22. nóvember 1991 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði á Faxaflóa norðan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. AKRANESVITI
2. 64°24'3 N – 22°38'5 V
3. 64°28'6 N – 22°34'0 V
4. 64°37'4 N – 23°25'5 V
5. GÖLTUR VIÐ HELLNANES

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1991.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hörðudalshrepps og Miðdalahrepps í Dalasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. nóvember 1991 staðfest sameiningu Hörðudalshrepps og Miðdalahrepps í Dalasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist að:

- Sameining þessi skal taka gildi 1. janúar 1992.
- Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Suðurdalahreppur.
- Ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Suðurdalahrepps, fari fram 14. desember 1991.
- Fulltrúar í sveitarstjórn Suðurdalahrepps skulu vera fimm.
- Kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*